

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélagið Flóku í Borgarfirði.

1. gr.

Nafn félagsins er Veidifélagið Flóka.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að fiskihverfi Flókadalsár, sem nær frá Ósi að Drangi við Flókadalsá og að neðsta fossi í Engjadalsá.

Þær eru: Lundartunga, Gullberastaðir, Lundur I, Lundur III, Hrísar, Eyri, Skógar, Múla-
staðir, Brúsholt, Steðji, Varmalækur, Hellur, Bær, Bær II, Laugabær, Nýi-Bær, Nýi-Bær II,
Langholt og Laugarholt.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Til að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði 2/3 fundar-
manna og skal geta þess í fundarboði að slík ákvörðun liggja fyrir fundinum.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig: formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi gengur út eftir tvö ár, hinn eftir þrjú ár.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum

sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmæla-
réttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra
félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál
sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félags-
maður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuður frá því að
ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag.

Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins
eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður
breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú
verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og
má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í
fundarboði.

Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um
lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt,
sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess
getið í fundarbók.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru
fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum
félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhags-
áætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga
félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félags-
manna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók,
sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn
greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og
birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri sam-
þykktir veiðifélagsins.

Landbúnaðarstofnun, 1. nóvember 2007.

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.